

Nr. 066 / 13 Tveir Ásar HF 20**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7201
Smíðaður: Hafnarfjörður 1990, plast
Stærð: 4,64 brl. 4,83 bt.
Mesta lengd: 7,95 m Skráð lengd: 7,9 m
Breidd: 2,5 m Dýpt: 1,25 m
Vél: Yanmar 140 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 1



Tveir Ásar©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 23. maí 2013 var Tveir Ásar HF 20 á strandveiðum á SV miðum. Veður: ANA 2-3 m/s. (*Garðskagi*)

Báturinn var á leið til hafnar en þegar hann var staddur um 0,5 sml vestur af Garðskaga varð hann vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Það var Hafsteinn SK 3 sem dró bátinn til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að tappi (stál) hafði skrúfast laus úr gírnum og gírolían lekið niður. Fram kom að einhverjir hafa sett þrýstimælir í stað tappa þar sem hann var;
- að tvö akkeri voru tiltæk um borð.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.